

Ed.

671. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Frá mentamálanefnd.

Nefndarmenn hafa allir orðið ásáttir um að leggja til, að háttv. efri deild samþykki frumvarp þetta óbreytt. Þykir þeim hvorttveggja vera, að í kennara-stöðu þá, sem við er átt í frumvarpinu, í íslenskri sagnfræði, þurfi jafnan að veljast hæfustu menn, sem verðskulda aðalkennaranafnbót, enda maður sá, er nú skipar þá stöðu, maklegur þeirrar viðurkenningar, er í frumvarpinu felst.

Alþingi, 5. sept. 1919.

Eggert Pálsson,
formaður.

Kristinn Danielsson,
ritari.

Guðm. Ólafsson.